



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrögata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2019

Sem fyrr var starfsárið viðburðaríkt og annasamt. Safngestum fækkaði lítillega, eða um 5% og voru tæplega 26.000. Fækkun safngesta skýrist helst af afar miklum fjölda gesta á fjölbreyttum viðburðum í húsakynnum safnsins á samnorrænni strandmenningarhátíð á síðasta ári. Enn eru erlendir ferðamenn fleiri en innlendir gestir, eða um 72%. Þá heimsóttu um 700 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar voru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 650 á árinu. Augljóst er að ferðamannatímabilið er að lengjast og gestum fjölgar ár frá ári, sér í lagi yfir vetrarmánuðina því í fyrsta sinn taldi enginn mánuður ársins færri en eitt hundrað gesti. Skipulagðar leiðsagnir um safnið voru 355 á árinu og hafa aldrei verið fleiri. Síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka voru 49 talsins. Það var forsvarsmönnum safnsins mikið gleðiefni að sjá niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal ferðamanna sem heimsóttu söfn, setur eða sýningar á Norðurlandi á líðandi sumri. Könnunin var unnin af Rannsóknarmiðstöð ferðamála að beiðni Markaðsstofu Norðurlands og er hún hluti af greiningu á möguleikum í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi. Almennt var niðurstaða könnunarinnar afar góð fyrir söfn og var Síldarminjasafnið þar engin undantekining. 98,7% svarenda sögðust mjög ánægð eða ánægð með heimsókn sína á Síldarminjasafnið – og enginn svarenda var óánægður!

Töluverð breyting varð á starfsmannahaldi á árinu. Steinunn M. Sveinsdóttir lét af störfum í októberlok eftir sex ára starf og í hennar stað var Inga Þórunn Waage ráðin sérfræðingur varðveislu og miðlunar. Kristína Berman sem verið hafði í fullu starfi í rúmt ár fluttist til Reykjavíkur en sinnir enn afmörkuðum verkefnum í hlutastarfi. Í stað Kristínu var Sylvia Bates ráðin til eins árs, til að sinna ljósmyndakosti safnsins. Síðasta fjórðung ársins var Edda Björk Jónsdóttir í hálfu starfi við gestamóttöku og önnur fagleg störf. Aðrir fastráðnir starfsmenn eru Anita Elefsen safnstjóri og Örlygur Kristfinnsson sem er í hlutastarfi og sinnir afmörkuðum verkefnum. Ráðnir voru sjö sumarstarfsmenn, fimm önnuðust gestamóttöku, safngæslu, leiðsagnir og þríf en tveir sinntu viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum.

Skráning á safnkosti fór fram með skipulegum hætti og lögð var megináhersla á að ljúka við skráningu gripa í grunnsýningu Gránu, samhliða nýjum aðföngum. Tölusettar voru 43 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 262 gripi. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 389 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng. Mikil vinna var lögð í skráningu ljósmynda og eru vikulegar myndasýningar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra, þar lykilatriði. Greindar voru um 3.000 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara, auk þess sem 30.000 frummyndum voru gefin safnnúmer og atriðisorð skráð. Því til viðbótar var um 30.000 frummyndum komið í nýjar sýrufriar umbúðir.

Áfram var lögð mikil vinna í uppbyggingu Salthússins og miðaði framkvæmdum vel á árinu. Varðveislurými og forvörsluherbergi á efri hæð eru tilbúin og mikið fagnaðarefni að geta tekið fyrsta hluta hússins til notkunar. Allir milliveggir hússins hafa verið settir upp og lyftuop stúkað af. Vinyl dúkur var lagður á gólfíð í varðveislurýminu og stálvirki fyrir hlaupakött sérsníðað og því komið fyrir. Lokið

var við alla málningarvinnu, bæði á varðveislurými á efri hæð og öllum milliveggjum og útveggjum sem búið er að klæða. Gluggagrindur úr Bessastaðastofu fylgdu húsinu og voru þær lagfærðar, aðlagðar að gluggastærð Salthússins og settar í auk þess sem lokið var við allan frágang að innan og utan. Útihurðar hafa verið sérsníðaðar og neyðarstigi á vesturhlið hússins sérsníðaður og settur upp. Lokið var við smíði og allan frágang á svokölluðum riddara á þaki hússins. Starfsmenn Fjallabyggðar tengdu heimtaug fyrir kalt vatn og lagt var að fyrir sprinkler-stjórnstöð sem kemur til með að þjónusta slík kerfi í öllum safnhúsum.

Tæplega hundrað og fimmtíu ára gömul gólfborð sem voru á efri hæð hússins voru lagfærð og endurlögð á sýningarrýmið. Á sumarmánuðum voru gólfborðin þússuð og lökkuð og líta nú afar vel út og gefa rýminu mikinn svip. Sýningarrýmið sjálft, á efri hæð hússins, er enn óklárað að öðru leyti en starfsmenn safnsins vinna nú að hönnun sýningar á loftinu og var ákveðið að leggja ekki rafmagn eða loka veggjum þar fyrir en ljóst er hvar ljós, tenglar og annað slíkt verður staðsett, með tilliti til uppsetningar sýningar og hönnunar á rýminu.

Árlegt bátasmíðanámskeið átti að fara fram í nóvember, en því varð því miður að fresta vegna dræmrar þátttöku. Stefnt er að því að námskeiðið fari fram í mars 2020.

Á árinu var Síldarminjasafnið vettvangur fjölbreyttra viðburða. Í janúar 2019 funduðu utanríkisráðherrar Íslands og Finnlands í Bátahúsi Síldarminjasafnsins og nutu leiðsagnar um safnið. Í lok júní var Sjávarútvegsskólinn haldinn í Fjallabyggð og var aðsetur skólans í fundarsal Bátahússins. Kanadískur háskólaprófessor, Sara Matthews, stýrði samsýningu fimm myndlistarmanna og ljósmyndara sem sett var upp á Gránuloftinu í septembermánuði. Sýningin sem bar heitið „Að sjá það sem hulið er“ var vel sótt – og fyrsta listasýningin á Gránuloftinu í níu ár. Síldarminjasafnið tók þátt í Rússnesku kvikmyndavikunni í samvinnu Rússneska sendiráðið og fóru kvikmyndasýningar fram í Gránu – en í ár var hátíðin tileinkuð 75 ára afmæli stjórnmalasambands Íslands og Rússlands. Í desembermánuði fóru tvær bókarkynningar fram í Bátahúsinu. Annars vegar kynnti Sigurður Ægisson nýútkomna bók sína um Gústa guðsmann og hins vegar kynnti Páll Baldvin Baldvinsson *Síldarárin*.

Síldarminjasafnið gekk til liðs við ICMM, alþjóðleg samtök sjóminjasafna (e. International Congress of Maritime Museums) á árinu og hlaut frá þeim styrk til þátttöku í stórri ráðstefnu sem fór fram í Stokkhólmi og Maríuhöfn og stóð yfir í sex daga. Anita Elefsen safnstjóri sótti þingið, en þar komu saman starfsmenn sjóminjasafna frá öllum heimshornum til að ræða sameiginleg hagsmunamál, viðfangsefni og áskoranir er snúa að varðveislu, rannsóknum, samstarfi og miðlun. Alls tóku 105 fulltrúar frá 29 löndum þátt í þinginu.

Í samvinnu við safnafræðideild Háskóla Íslands var starfsnemi á Síldarminjasafninu í níu vikur á haustdögum. Markmið starfsþjálfunar á söfnum er að veita nemendum innsýn í og reynslu af verkefnum safna og flétta þannig saman hagnýta og fræðilega hluta námsins. Það er Síldarminjasafninu dýrmætt að geta boðið upp á starfsnám fyrir nemendur á háskólastigi - þannig skapast kjörið tækifæri til miðlunar á þeirri þekkingu og reynslu sem safnið og starfsfólk þess býr yfir og þar að auki munar sannarlega um viðbótar starfskraft á stóru en fámennu safni.

Ráðist var í viðamikið rannsóknarverkefni á árinu, en safnstjóri ferðaðist um landið með kvikmyndatökumanni í þeim tilgangi að taka viðtöl við bæði menn og konur sem unnu í síld, hvort sem var í landi eða á sjó. Viðmælendur voru tæplega sjötíu talsins – á Siglufirði, Dalvík, í Hrísey, á Akureyri, Húsavík, Ísafirði, Reykjavík, Akranesi, Seyðisfirði og Raufarhöfn. Meðal þeirra sem rætt var við eru

fyrrum síldarstúlkur, verksmiðjugarlar, sjómenn, skipstjórar og netagerðarmenn. Viðtölin reyndust afar dýrmætar heimildir og telur efnið um fimmtíu klukkustundir. Meginmarkmiðið var að afla heimilda um líf og störf fólks, tíðarandann, rómantíkina, erfiðið, tilfinningarnar, tónlistina, félagslífið, verkunaraðferðir, hjátrú og aðra mikilvæga þætti þessa tímabils í sögu þjóðarinnar og varðveita á Síldarminjasafninu. Jafnframt er ætlunin að velja stutt brot úr viðtölunum til miðlunar í sýningum safnsins. Sýnt er að áhugi gesta kviknar fljótt þegar sagan er sögð út frá persónulegri reynslu eða hún persónutengd á einhvern hátt. Að því sögðu má gera ráð fyrir að lífandi frásagnir fólks sem sjálft tók þátt í síldarævintýrinu vekji mikinn áhuga gesta og dýpki skilning þeirra á þeirri sögu sem miðlað er á safninu.

Almennt gekk rekstur safnsins vel á árinu. Veltan nam 83 mkr. og yfirdráttarskuld safnsins við Arion banka var greidd niður um 6 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um tæpar 450.000 kr.

Siglufirði, 20. febrúar 2020



Anita Elefsen, safnstjóri